

Föstudagur, 6. desember 2002

191. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 39/2002

## **Yfirtaka Sláturfélags Suðurlands svf. á Reykjagarði hf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Þann 26. ágúst 2002 barst Samkeppnisstofnun bréf, dags. 14. ágúst 2002, undirritað af Steinþóri Skúlasyni fyrir hönd Sláturfélags Suðurlands svf. (hér eftir SS). Í bréfinu var tilkynnt um kaup SS á 67% hlut í Reykjagarði hf. (hér eftir RG) af Búnaðarbanka Íslands hf. í samræmi við 3. mgr. 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með kaupunum fylgdi kaupréttur að 16% til viðbótar. Bréfinu fylgdi einnig greinargerð um samrunann með hliðsjón af skýrslu vegna tilkynningar á samruna fyrirtækja, sbr. viðauka við reglur nr. 930/2001. Hér eftir verður vísað til hennar sem samrunaskrárinnar. Samkeppnisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum og gögnum frá SS um eignarhlut fyrirtækisins í Ísfugli ehf. með bréfi dags. 11. september 2002 og bárust svör með bréfi dags. 24. september 2002.

Með sama bréfi, dags. 11. september 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar, sbr. 4. mgr. 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Upphaf þriggja mánaða frests samkeppnisyfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við 11. september 2002.

##### **2.**

Svar SS barst til Samkeppnisstofnunar með bréfi, dags. 24. september 2002. Í bréfinu er rakið að SS hafi í október 1998 keypt 50% eignarhlut í Ísfugli. Samstarf milli Ísfugls og SS hafi hins vegar gengið illa og því hafi Ísfugl keypt nær allt hlutaféð til baka, eða um 45%. Árið 2001 urðu hins vegar áherslubreytingar innan Ísfugls þannig að SS óskaði aftur eftir að auka hlutdeild sína í fyrirtækinu. Í lok árs 2001 keypti SS aukinn hlut í félaginu og á nú 30%. Þeirri hlutdeild fylgir einn stjórnarmaður af fjórum. Jafnframt kemur fram að viðskipti eru milli SS og Ísfugls. Þannig kaupi SS hráefni til framleiðslu tilbúinna rétta og sneiði álegg fyrir Ísfugl og selji undir eigin merki. Þessi viðskipti nemi um [...]¹% af veltu Ísfugls.

---

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

### 3.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar hafa jafnframt fundað með málsaðilum, viðskiptavinum og keppinautum SS og RG. Einnig hefur ýmissa opinberra gagna verið aflað. Að því marki sem samkeppnisráð telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir athugun málsins er þeirra getið í ákvörðuninni. Samhengisins vegna er þó nauðsynlegt að geta þess að á fundi Samkeppnisstofnunar og SS þann 15. október 2002 kom fram að SS sæi um vinnslu bókhalds fyrir Ísfugl í verktöku. Samkeppnisstofnun hefur jafnframt verið upplýst um að Svínabúið Brautarholti ehf. og Geysir ehf. hafi eignast rúm 30% hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs SS en bæði fyrirtækin eru eignarlega tengd fyrirtækjum sem starfa á sömu mörkuðum og SS og RG. Fjallað verður nánar um þessi atriði síðar að því leyti sem þau varða efnisatriði þessarar ákvörðunar.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. desember 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

### 1.

#### Samruni

Samkvæmt samningi, dags. 26. júlí 2002, milli Búnaðarbanka Íslands hf. og SS eigna ehf., seldi bankinn um 67% eignarhluta síns í RG til SS eigna. Með kaupnum fylgdi jafnframt kaupréttur að 16% eignarhluta í RG til viðbótar. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að framangreindur samningur felur í sér samruna í skilningi 4. gr. og 18. gr. samkeppnislaga. Aðilar samrunans eru því SS og RG. Jafnframt er ljóst að samruninn fellur undir 18. gr. laganna þar sem veltuskilyrði ákvæðisins er uppfyllt.

SS er samvinnufélag, en RG og Ísfugl eru hlutafélög. Meginstarfsemi SS felst í slátrun ferfætlinga og heildsölu á kjöti, kjötafurðum og öðrum matvörum. RG starfar á sviði alifuglaslátrunar og heildsölu á alifuglakjöti og afurðum þeim tengdum. Það sama á við um Ísfugl. Af framansögðu er ljóst að hér er um að ræða láréttan samruna þar sem aðilar eru fyrirtæki sem framleiða og selja vörur og/eða þjónustu á sama framleiðslu- og sölustigi.

### 2.

#### Markaðurinn

Við mat á samruna samkvæmt 18. gr. samkeppnislaga verður í upphafi að skilgreina þann markað sem við á í málinu. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi

markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

## 2.1 Vörumarkaðurinn

Í 6. kafla samrunaskrárinnar segir eftirfarandi um vörumarkaðinn:

*„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.*

*Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.“*

### 2.1.1. Sjónarmið málsaðila

Í samrunaskrá SS og RG kemur fram að aðilar telji kjötmarkaðinn vera einn markað þar sem fullkomin staðganga ríki milli hinna ólíku kjöttegunda, þ.e. neytendur kaupi alifuglakjöt í stað svína- og lambakjöts og kjúklingapylsur í stað vínarpylsa, kalkúnaskinku í stað svínaskinku o.s.frv. Helstu keppinautar SS séu Norðlenska svf. og Síld og fiskur ehf., en bæði fyrirtækin séu einnig tengd kjúklingaframleiðendum.

### 2.1.2. Mat samkeppnisráðs

Samkeppnisráð hefur í öðru máli tekið til athugunar markaði fyrir kjötframleiðslu, nánar til tekið markaðinn fyrir kjúklingaframleiðslu.<sup>2</sup> Í því máli var markaðurinn skilgreindur sem markaðurinn fyrir slátrun og heildsölu á kjúklingum. Sú niðurstaða var m.a. rökstudd á eftirfarandi hátt:

*„Sérstakir eiginleikar kjúklingakjöts leiða m.a. til þeirrar niðurstöðu að takmörkuð staðganga er á milli kjúklingakjöts og annarra tegunda af kjöti. Þetta má einnig ráða af niðurstöðum í erlendum samkeppnisrétti.“*

---

<sup>2</sup> Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2001 Samningur Reykjaráðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun á kjúklingum.

Var í þessu tilliti m.a. vísað til sérstakra eiginleika kjúklingakjöts hvað varðar áferð, fituinnihald, verð o.fl. Jafnframt var vísað til framkvæmdar í erlendum samkeppnisrétti þessu til stuðnings.<sup>3</sup> Með vísan til málavaxta þessarar ákvörðunar telur samkeppnisráð þó ekki nauðsynlegt að skilgreina markaðinn frekar. Ljóst er að SS og RG starfa ekki á sömu sviðum slátrunar og heildsölu. RG starfar eingöngu á framangreindum markaði fyrir slátrun og heildsölu á alifuglum og afurðum þeim tengdum. SS starfar hins vegar á öðrum mörkuðum, m.a. fyrir slátrun og heildsölu á svína-, lamba- og nautakjöti og afurðum þeim tengdum.

## 2.2 Landfræðilegi markaðurinn

Í 6. kafla samrunaskrárinnar segir eftirfarandi um vörumarkaðinn:

*„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“*

### 2.2.1. Sjónarmið málsaðila

Í samrunaskrá SS og RG kemur fram að hinn landfræðilegi markaður miðist við innanlandsmarkað. Telja málsaðilar að landfræðilegar takmarkanir séu engar og flest fyrirtæki selji vörur sínar um land allt.

### 2.2.2. Mat samkeppnisráðs

Mat málsaðila varðandi landfræðilega skilgreiningu markaðarins er í samræmi við fyrri ákvörðun samkeppnisráðs.<sup>4</sup> Ekki eru sérstakar takmarkanir á flutningum kjötafurða milli landshluta. Því eru ekki ástæður í máli þessu til að skipta markaðnum upp landfræðilega. Er það því mat samkeppnisráðs að hinn landfræðilegi markaður sé landið allt.

---

<sup>3</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 9. mars 1999 í máli nr. IV/M.1313 *Danish Crown/Vestjyske Slagterier*. Sjá einnig að sínu leyti dóm United States Court of Appeals, Tenth Circuit, frá 1985: *Monfort of Colorado, Inc. v. Cargill, Inc. and Excel Corporation*, 761 F.d 570.

<sup>4</sup> Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2001 *Samningur Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun á kjúklingum*.

### 3.

#### **Samkeppnisleg áhrif samrunans og niðurstaða**

Með vísan til markaðsskilgreiningarinnar hér að framan er ljóst að SS og RG starfa ekki á sömu mörkuðum. Samkeppnisleg áhrif samrunans felast ekki í aukinni markaðshlutdeild á ofangreindum mörkuðum. Samkeppnisráð telur þó að neikvæð samkeppnisleg áhrif geti átt sér stað með tilliti til annarra þátta samrunans. Um tvennt er að ræða: Í fyrsta lagi eignarhlut og stjórnarsetu SS í Ísfugli og í öðru lagi bókhaldsvinnslu SS fyrir Ísfugl. Eins og vikið verður að telur samkeppnisráð að þessi tvö atriði geti falið í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga auk þess sem samruninn getur hindrað virka samkeppni í skilningi 1. mgr. 18. gr. laganna. SS hefur lýst því yfir að málsaðilar séu tilbúnir að fallast á að tiltekin skilyrði verði sett vegna kaupa SS á RG. Eins og atvik þessa máls horfa við getur samkeppnisráð fallist á að setja samningnum umrædd skilyrði með heimild í 18. gr. samkeppnislaga. Er það mat ráðsins að skilyrðin eyði þeim neikvæðu samkeppnislegu áhrifum sem samruninn hefur í för með sér í skilningi. í 1. mgr. 18. gr. samkeppnislaga. Verður nú fjallað um framangreind atriði sitt í hvoru lagi og skilyrði þau sem málsaðilar hafa samþykkt.

#### **3.1 Eignarhlutur og stjórnarseta SS í Ísfugli.**

Eins og fram hefur komið á SS 30% hlut í Ísfugli. Ísfugl og RG starfa á sama markaði, þ.e. markaði fyrir slátrun, vinnslu og heildsölu á alifuglum og alifuglaafurðum. Með kaupum SS á ráðandi hlut í RG er komin upp sú staða að SS situr í stjórn eins keppinautar síns á þeim markaði. Með stjórnarsetu SS í Ísfugli hefur SS aðgang að viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum um keppinaut RG. Auk þess getur SS haft áhrif á viðskiptaákvæðanir fyrirtækisins. Samkeppnisráð telur að þessi staða geti farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Til þess að draga úr þeim neikvæðu samkeppnislegu áhrifum sem seta SS í stjórn Ísfugls hefur í för með sér hefur SS lagt til að stjórnarmaður fyrirtækisins hjá Ísfugli segi stöðu sinni lausri. Jafnframt muni fyrirtækið ekki skipa annan mann í hans stað.

Það er mat samkeppnisráðs að tillaga SS sé til þess fallin að eyða þeim neikvæðu samkeppnislegu áhrifum sem stjórnarseta SS í Ísfugli hefur í för með sér. Eru málsaðilar sammála um að skilyrðið verði útfært á þann hátt að fulltrúi SS í stjórn Ísfugls láti af setu sinni eigi síðar en 1. júní 2003 eða á aðalfundi Ísfugls árið 2003, fari hann fram fyrir 1. júní það ár, og er SS óheimilt að skipa annan í hans stað. Jafnframt skuldbindur fyrirtækið sig til þess að beita ekki áhrifum eignarhluta síns í fyrirtækinu á nokkurn annan hátt til þess að hafa áhrif á viðskiptastefnu og ákvarðanir Ísfugls.

#### **3.2 Bókhaldsvinnsla SS fyrir Ísfugl**

Upplýst er í máli þessu að SS sér um vinnslu bókhalds fyrir Ísfugl. Bókhaldsvinnsla SS fyrir Ísfugl veitir fyrirtækinu einnig möguleika á því að öðlast ítarlegar upplýsingar um rekstur keppinautar síns, m.a. getur SS þannig fengið upplýsingar um

viðskiptavini og greiðslukjör þeirra, fjárstreymi og eignastöðu Ísfugls. Samkeppnisráð telur að þessi staða geti farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. SS hefur lagt til að vinnsla bókhalds Ísfugls verði aðskilin frá vinnslu bókhalds fyrir SS. Jafnframt verði svo búið um hnútana að stjórnendur SS hafi ekki aðgang að gögnum um Ísfugl.

Samkeppnisráð telur að tillaga SS sé fullnægjandi til þess að eyða þeim neikvæðu samkeppnislegu áhrifum sem bókhaldsvinnsla SS fyrir Ísfugl geti haft í för með sér. Hefur SS samþykkt að skilyrði samkeppnisráðs verði útfærð á þann hátt að SS og Ísfugli verði óheimilt að hafa með sér samstarf utan þess sem nauðsynlegt er vegna vinnslu bókhaldsins. Jafnframt skulu fyrirtækjunum vera settir ákveðinn frestur til uppsagnar sammingsins um bókhaldsvinnslu og skulu breytingar á honum tilkynntar Samkeppnisstofnun. Miðlun upplýsinga úr bókhaldi Ísfugls til SS er óheimil, utan þess sem nauðsynlegt er til vinnslu bókhaldsins. Skulu þeir starfsmenn SS sem sjá um vinnslu bókhaldsins undirrita trúnaðaryfirlýsingu og aðgangur að gögnum Ísfugls takmarkaður við þá starfsmenn. Löggiltur endurskoðandi skal staðfesta framkvæmdina fyrir Samkeppnisstofnun.

#### 4.

##### **Eignarhlutur Geysis ehf. og Svínabúsins Brautarholti ehf. í SS**

Eins og að framan er rakið er upplýst að Geysir ehf. og Svínabúið Brautarholti ehf. hafa eignast rúm 30% í B-deild stofnsjóðs SS. Fyrirtækin eru tengd með beinu eignarhaldi eða eignarhaldi eigenda fyrirtækjanna Síld og fiskur ehf., Nesbú ehf. og Móar ehf. Þessi fyrirtæki starfa að hluta til á sömu mörkuðum og SS og RG. B-deild stofnsjóðs SS var stofnuð af hálfu félagsins árið 1992 með heimild í lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Hlutfé B-deildar var aukið árið 1997 og er nú 200 m.kr. að nafnverði. Hlutabréfum í B-deild fylgja ekki stjórnunaráhrif innan SS, þ.e. þeim fylgir ekki atkvæðisréttur innan félagsins, en eigendur þeirra hafa rétt til að sitja fundi félagsins og njóta þar fulls málfrelsis. Eigendur í B-deild eiga enn fremur rétt á arðgreiðslum ef hagnaður er af félaginu en eigandi 10% hlutfjár í B-deild getur krafist þess á aðalfundi að úthlutað verði sem arði allt að helmingi af árshagnaði félagsins eftir jöfnun taps og greiðslna til varasjóðs. Samkeppnisráð telur, með vísan til þess að eignarhlutur í deild fylgir ekki atkvæðaréttur innan SS, að ekki sé ástæða til að rannsaka frekar 30% eignarhlut Geysis og Svínabúsins Brautarholti í B-deild stofnsjóðs SS. Samkeppnisráð áskilur sér þó rétt til að rannsaka sérstaklega framangreind eignartengsl verði einhverjar breytingar á því fyrirkomulagi sem nú ríkir, t.d. ef SS verður breytt í hlutfélag eða stjórnunarlegt vægi hlutabréfa í B-deild innan SS eykst.

#### 5.

##### **Endurskoðun**

Samkeppnisráð áskilur sér einnig rétt til þess að endurskoða ákvörðun þessa eftir 1. júlí 2006 í þeim tilgangi að meta hvort skilyrði þau sem sett hafa verið fyrir samruna

SS og Reykjararðs séu fullnægjandi til þess koma í veg fyrir samkeppnishömlur sem kaup SS á Reykjararði hafa í för með sér.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

„Kaup Sláturfélags Suðurlands svf. á meirihluta hlutafjár í Reykjararði hf. fela í sér samruna í skilningi 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Það er mat ráðsins að samruninn uppfylli skilyrði 1. mgr. 18. gr. til íhlutunar. Með heimild í því lagaákvæði og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eru eftirfarandi skilyrði sett:

##### 1.

Fulltrúi Sláturfélags Suðurlands svf. í stjórn Ísfugls ehf. skal láta af setu sinni eigi síðar en 1. júní 2003 eða á aðalfundi Ísfugls ehf. árið 2003, fari hann fram fyrir 1. júní það ár, og er Sláturfélagi Suðurlands svf. óheimilt að skipa annan í hans stað. Sláturfélagi Suðurlands svf. er jafnframt óheimilt að beita eignaráhrifum í Ísfugli ehf. til að hafa áhrif á viðskiptastefnu og viðskiptaákvörðanir fyrirtækisins.

##### 2.

Sláturfélagi Suðurlands svf. og Reykjararði hf. annars vegar og Ísfugli ehf. hins vegar er óheimilt að hafa með sér hvers konar viðskiptalega samvinnu umfram það sem nauðsynlega felst í vinnslu Sláturfélags Suðurlands svf. á bókhaldi fyrir Ísfugl ehf. Í þessu felst m.a. að Sláturfélag Suðurlands svf. og Reykjararður hf. annars vegar og Ísfugl ehf. hins vegar skulu að öllu leyti starfa sjálfstætt:

- við hvers konar vinnslu á alifuglakjöti,
- við dreifingu á alifuglaafurðum,
- við sölu og markaðsmál.

##### 3.

Samningur milli Ísfugls ehf. og Sláturfélags Suðurlands svf. um bókhaldsvinnslu skal af hálfu Ísfugls ehf. vera uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara og af hálfu Sláturfélags Suðurlands svf. vera uppsegjanlegur með níu mánaða fyrirvara. Tilkynna skal Samkeppnisstofnun um uppsögn Sláturfélags Suðurlands svf. á samningnum svo unnt sé að leggja mat á hvort uppsögnin sé í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Jafnframt skal tilkynna Samkeppnisstofnun um allar breytingar á samningnum, þ.m.t. breytingar á verði fyrir bókhaldsvinnslu, a.m.k. þremur mánuðum áður en breytingarnar taka gildi.

4.

Óheimilt er að miðla hvers konar viðskiptalegum upplýsingum milli Ísfugls ehf. og Reykjagarðs hf. Einnig er óheimilt að miðla hvers konar viðskiptalegum upplýsingum milli Ísfugls ehf. og Sláturfélags Suðurlands svf. nema sem nauðsynlega leiðir af framkvæmd samnings fyrirtækjanna um vinnslu bókhalds.

5.

Þeim starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands svf. sem eiga samskipti við Ísfugl ehf. vegna samnings fyrirtækjanna eða annast bókhaldsvinnslu fyrir Ísfugl ehf. er óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. öðrum starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands svf. og Reykjagarðs hf., hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem þeir öðlast vegna samskipta við Ísfugl ehf. eða vegna framkvæmdar á samningi fyrirtækjanna. Starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands svf. sem eiga samskipti við Ísfugl ehf. vegna samnings fyrirtækjanna um bókhaldsvinnu er óheimilt að miðla upplýsingum til Ísfugls ehf. um Sláturfélag Suðurlands svf. og/eða Reykjagarð hf. Skipulagi við bókhaldsvinnu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir Ísfugl ehf. og bókhaldsgögnum skal svo fyrir komið að starfsmenn Sláturfélags Suðurlands svf. aðrir en þeir sem koma beint að færslu gagna og úrvinnslu geti ekki skoðað gögnin eða niðurstöður úr úrvinnslu þeirra. Skulu þeir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands svf. sem eiga samskipti við Ísfugl ehf. eða annast bókhaldsvinnslu fyrir það fyrirtæki undirrita yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu varðandi framangreindar upplýsingar. Brot starfsmanna á þessari þagnarskyldu telst vera brot Sláturfélags Suðurlands svf. á ákvörðun þessari og varðar viðurlögum skv. ákvæðum samkeppnislaga. Löggiltur endurskoðandi Sláturfélags Suðurlands svf. skal gera Samkeppnisstofnun grein fyrir hvernig framangreind atriði eru framkvæmd innan þriggja mánaða frá birtingu þessarar ákvörðunar.

6.

Sláturfélag Suðurlands svf., Reykjagarður hf. og Ísfugl ehf. skulu kynna ákvörðun þessa og hvað í henni felst fyrir þeim starfsmönnum sem sinna stjórnun, bókhaldsvinnslu, dreifingar- og markaðsmálum innan eins mánaðar frá birtingu hennar. Þá skulu fyrirtækin upplýsa Samkeppnisstofnun um framkvæmd á ákvörðun þessari.

7.

Samkeppnisráð mun endurskoða skilyrði þessarar ákvörðunar eftir 1. júlí 2006.

Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga.“